

### MINNISBLAÐ

um möguleika endurskoðenda til þess að hafa í gildi erlenda starfsábyrgðartryggingu

**Til:** Félags löggiltra endurskoðenda  
**Frá:** Endurskoðendaráð  
**Dags:** 5. janúar 2016

---

Endurskoðendum ber lögbundin skylda til þess að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu, en í 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, er fjallað um starfsábyrgðartryggingu. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að endurskoðanda sé skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum um endurskoðendur.

Í 2. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, kemur fram hvaða aðilar mega reka váttryggingastarfsemi hér á landi. Það eru í fyrsta lagi hlutafélög sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi, en einnig váttryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki (þ.e. í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnhagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar) og hafa stofnsett útibú hér á landi að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í 66. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Þá mega einnig veita hér þjónustu án starfsstöðvar váttryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki, sem hlotið hafa starfsleyfi í heimaríku sínu. Nær heimildin til váttryggingastarfsemi í sömu greinaflokki váttrygginga og félagið hefur heimild fyrir í heimaríki sínu, sbr. 67. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Til að félag megi veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar þarf frumtryggingafélag að óska eftir því og skal Fjármálaeftirlitið þá afla eftirfarandi gagna, sem tilgreind eru í 67. gr. laga um váttryggingastarfsemi:

1. Vottorðs eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt.
2. Skrár yfir þá greinaflokka váttrygginga og váttryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrár yfir þær tegundir áhættu sem félagið hyggst váttryggja hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 21. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.
5. Sýnishorna váttryggingaskilmála lögboðinna váttrygginga sem félagið hyggst reka hér á landi og, þegar við á, tæknilegs grundvallar líftrygginga og heilsutrygginga.

Þegar Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að öll nauðsynleg gögn hafi borist eftirlitinu má félagið byrja að veita þjónustu hér á landi.

Einnig mega Evrópufélög samkvæmt lögum nr. 26/2004 sem hlotið hafa starfsleyfi í aðildarríki veita hér þjónustu án starfsstöðvar að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um váttryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki.

Loks geta váttryggingafélög með aðalstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi veitt þjónustu hér á landi, sbr. 73. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Endurskoðendur geta verið með starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem uppfyllir skilyrði laga um váttryggingastarfsemi. Óski endurskoðandi eftir því að vera váttryggður hjá erlendu tryggingafélagi, sem ekki er með starfsstöð hér á landi, verður skilyrðum 67. gr. laga um váttryggingastarfsemi því að vera fullnægt svo kröfur 6. gr. laga um endurskoðendur séu uppfylltar.